

Álit og tillögur

frá Þórunni Sveinbjarnardóttur nefndarmanni í kjörbréfanefnd.

Sá hluti nefndarinnar sem stendur að áliti þessu tekur undir álit Birgis Ármannssonar, Diljár Mistar Einarsdóttur, Ingu Sæland, Jóhanns Friðriks Friðrikssonar, Líneikar Önnu Sævarsdóttur og Vilhjálms Árnasonar um ágreiningsatkvæði, úthlutun þingsæta, bókanir umboðsmanna og aðrar aðfinnslur og ábendingar og áréttingar, sbr. I. II. og IV. kafla álitsins. Þá tekur undirrituð undir umfjöllun í fyrrnefndu áliti um kosningakæmur, að því marki sem efni þeirra lýtur að öðru en framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi, sbr. kafla III.1 í álitinu.

Kæmur um framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi.

Um þau kæru efni sem varða framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi, málsástæður og lagarök vísast til undirkafla 2.3 í kafla III í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Um mat á áhrifum annmarka á kosningum í kjördæminu vísast til undirkafla 2.5.8. Við upptalningu á annmörkum, sbr. undirkafla 2.5.8 er tekið fram að það sé mat þeirra er undir greinargerðina rita að hver og einn annmarki sé ekki þess eðlis að hægt sé að sýna fram á að hann hafi haft áhrif á niðurstöðu kosninganna. Hafa ber þar í huga að stakur annmarki kann þannig ekki að leiða til ógildingar ef ekki má ætla að annmarkinn hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

Í 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis kemur fram að „ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda“. Er það í samræmi við þá staðreynd að kjósendur eiga að geta treyst því að úrslit kosninga standi og að lýðræðislegur vilji þeirra sé virtur. Í fræðilegri umfjöllun má finna ólíkar nálganir á það hvaða mælikvarðar hafa verið lagðir til grundvallar við mat á áhrifum annmarka á gildi kosninga og að val á ógildingarmælikvarða sé atviksbundið.

Í greinargerðinni er þeim annmörkum sem voru á framkvæmd alþingiskosninga í Norðvesturkjördæmi lýst en vægi þeirra er mismunandi. Undirrituð tekur undir þá ályktun undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa að ekki verði séð að þeir annmarkar sem lúta að viðbrögðum yfirkjörstjórnar í aðdraganda endurtalningar, færslu gerðabókar og viðveru umboðsmanna, sbr. b–d-lið í undirkafla 2.5.8, hafi haft áhrif á úrslit kosninganna og eigi þannig ekki hver fyrir sig að leiða til ógildingar kosninga. Þó má ljóst vera að fjarvera umboðsmanna, svo dæmi sé tekið, er álitinn verulegur annmarki. Ómarkviss ritun í gerðabók, sem ekki var framkvæmd í samræmi við skýr fyrirmæli laga um kosningar til Alþingis, leiðir svo til þess að framkvæmd verður ógagnsæg og rýrir traust á niðurstöðu kosninga. Þannig varða umræddir annmarkar hvor um sig framkvæmdalegar reglur en einnig reglur sem ætlað er að tryggja réttaröryggi og traust á niðurstöðu kosninga.

Þeim annmarka sem lýtur að vörslu kjörgagna á meðan yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gerði hlé á fundi sínum sunnudaginn 26. september kl. 7.35 og þar til hún kom aftur saman um kl. 13.00 er vandlega lýst í greinargerð undirbúningsnefndarinnar og vísast til þess. Þann annmarka verður að telja alvarlegastan af þeim annmörkum sem voru á framkvæmd kosninganna. Í a-lið undirkafla 2.5.8 eru rakin mismunandi sjónarmið um hvernig meta beri áhrif þeirra annmarka. Kemur þar fram að það komi í hlut kjörbréfanefndar að leggja fram tillögur um afgreiðslu kjörbréfa byggðar á því mati.

Fyrir liggur að á meðan yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gerði hlé á fundi sínum sunnudaginn 26. september 2021 voru kjörgögn geymd í opnum kössum í rými sem ekki var læst að öllu leyti eða innsiglað og öryggismyndavélar náðu ekki til. Jafnframt liggur fyrir að fjórir starfsmenn Hótel Borgarness höfðu aðgang að því svæði þar sem kjörgögnin voru geymd. Þá er ekki ljóst hvenær bakdyrum í talningarsal var læst. Loks liggur fyrir að þegar oddviti yfirkjörstjórnar mætti á talningarsvæðið kl. 11.59 var hann einn úr yfirkjörstjórn þar til næsti kjörstjórnarmaður kom kl. 12.35 en samkvæmt upplýsingum lögreglu var starfsfólk hótelsins á þeim tíma á ferðinni inn og út úr fremri sal.

Þá liggur fyrir sú bókun landskjörstjórnar frá fundi hennar 1. október 2021 með umboðsmönnum stjórnmalasamtaka að ekki hafi „borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi“. Hefur landskjörstjórn með þessum hætti vakið athygli Alþingis á að vafi kunnir að vera á því að kjörgögn hafi verið varin með þeim hætti að treysta megi að þau endurspegli vilja kjósenda við alþingiskosningar 25. september 2021.

Sé þetta allt virt verður að telja að alvarlegur annmarki hafi verið á vörslu kjörgagnanna sem meta þarf hvort hafi haft áhrif á úrslit kosninganna í skilningi 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis. Er þá haft í huga að við seinni talningu atkvæða urðu umtalsverðar breytingar á atkvæðatölum framboða, sem áhrif höfðu á úthlutun jöfnunarsæta í kjördæminu og á landsvísu. Þannig fjölgaði t.d. heildaratkvæðum um tvö, auðum seðlum fækkaði um 12 og ógildum seðlum fjölgaði um 11. Þá fækkaði atkvæðum C-lista um níu og atkvæðum D-lista fjölgaði um 10, en þar af voru átta atkvæði í atkvæðabunka C-lista og tvö önnur atkvæði sem höfðu mislagst í aðra bunka. Aðrar breytingar á atkvæðatölum framboðslista hafa af hálfu yfirkjörstjórnar verið skýrðar svo að „eitt og eitt atkvæði hafi mislagst í atkvæðabunkum“. Hefur kjörstjórnin útskýrt breytingarnar svo að um „mannleg mistök“ hafi verið að ræða.

Í 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis kemur fram að „ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda“. Er það í samræmi við þá staðreynd að kjósendur eiga að geta treyst því að úrslit kosninga standi og að lýðræðislegur vilji þeirra sé virtur. Af ákvæðinu má ráða þá meginreglu að beita skuli sérstökum mælikvarða við mat á gildi kosninga og að beiting almenns mælikvarða við slíkar aðstæður komi einungis til álitu að annmarkinn *sé til þess fallinn* að hafa áhrif á úrslit kosninga. Við beitingu hins sérstaka mælikvarða, þar sem leitast er við að leiða í ljós hvort ætla má að annmarki hafi eða hafi ekki haft áhrif á úrslit kosninganna, getur niðurstaðan orðið sú að ekki sé hægt að leiða slíkt í ljós. Samkvæmt minnisblaði forsætisráðuneytisins, dags. 22. október 2021, geta þannig önnur sjónarmið haft áhrif á hversu ströngum mælikvarða eigi að beita við mat á því hvort ágallar leiða til ógildingar. Eðli og tilgangur þeirra réttarreglna sem brotnar hafa verið skipta til að mynda máli í þeim efnunum. Þannig megi ætla að það hafi minni áhrif ef ágalli varðar eingöngu reglur um framkvæmd en meiri áhrif ef ágalli varðar reglur sem er ætlað að tryggja réttaröryggi eða traust á niðurstöðu. Getur þá reynt á hvort viðunandi sé að einhver efnislegur vafi sé til staðar við matið. Í ljósi þess að alþingiskosningum er ætlað að leiða í ljós lýðræðislegan vilja kjósenda er slíkt ekki ásættanlegt að mati undirritaðrar og vísast þar til ákvörðunar Hæstaréttar frá 2011 um kosningar til stjórnlagabings en þar er áréttað það meginviðhorf laga um kosningar til Alþingis að gagnsæi eigi að ríkja við talningu atkvæða og að ekki sé nóg að rétt sé talið ef ekki ríki traust um að þannig hafi verið að verki staðið.

Á Alþingi hvílir skylda til að rannsaka framkomnar kærur og kjörbréf hvers nýkjörins þingmanns, sbr. 1. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis og 1. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis. Álitafnið beinist þá að því hvort kjörgögn hafi verið óvarin um stund og hvort fram hafi komið fullnægjandi upplýsingar eða skýringar á því að kjörgögn geymi sannarlega vilja kjósenda við alþingiskosningarnar 25. september 2021 þrátt fyrir þann annmarka. Til þess að varpa ljósi á það verður með hliðsjón af atvikum málsins að líta til eftirfarandi atriða sem undirrituð hefur skoðað sérstaklega og lagt mat á.

Í fyrsta lagi ber að líta til þess að af upptökum úr eftirlitsmyndavélum má sjá að umferð fólks um talningarsalinn á tímabilinu frá kl. 7.35 til kl. 12.35 er takmörkuð við fjóra starfsmenn Hótel Borgarness og oddvita yfirkjörstjórnar. Þá bera upptök úr eftirlitsmyndavélum með sér að frá því að oddviti mætir á talningarsvæðið hafi annað starfsfólk hótelsins einnig verið þar að störfum. Einnig var hurð aðalinngangs salarins ólæst. Af staðsetningu eftirlitsmyndavéla má enn fremur ráða að ekki hafi aðrir en framangreint starfsfólk hótelsins og oddviti farið um aðalinngang og starfsmannainngang sem liggja að talningarsvæðinu á umræddu tímabili. Vert er að minna á að engin eftirlitsmyndavélanna beindist að kjörgögnunum þar sem þau voru geymd í talningarsalnum. Enn fremur liggur fyrir að starfsfólk hótelsins tók ljósmyndir af óvörðum kjörgögnum meðan á fundarfrestun yfirkjörstjórnar stóð. Með hliðsjón af þessum upplýsingum er ekki unnt að fullyrða að kjörgögn hafi verið varin með fullnægjandi hætti á umræddum tíma, sbr. einnig bókun landskjörstjórnar 1. október 2021.

Í öðru lagi hefur oddviti sagt svo frá að hann hafi á tímabilinu frá kl. 11.59 til kl. 12.35 ekki átt við kjörgögnin. Hann hafi farið í talningarsalinn til þess að taka til og undirbúa störf kjörstjórnarinnar þegar hún kæmi aftur til starfa. Fundur yfirkjörstjórnar átti að hefjast á ný kl. 13.00 en fulltrúar kjörstjórnarinnar dvöldu á hótelinu á meðan fundinum var frestað. Fyrir liggur að kl. 12.32 átti landskjörstjórn símtal við oddvita, þar sem bent var á að tveimur atkvæðum munaði á atkvæðahlutfalli C-lista Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi og Sudurkjördæmi, samkvæmt uppgefnum tölum til fjölmíðla. Þá liggur jafnframt fyrir að kl. 12.38 átti oddviti samtal við landskjörstjórn þar sem fram kom að nægilegt væri að yfirkjörstjórnin kannaði atkvæði C-lista. Þrátt fyrir að greina megi af myndefni eftirlitsmyndavéla umgang starfsfólks hótelsins um starfsmannainngang verður ekki hjá því komist að álykta að kjörgögnin hafi ekki verið varin.

Í þriðja lagi fór undirbúningsnefndin yfir auða og ógilda atkvæðaseðla. Af fundargerð yfirkjörstjórnar má ráða að ógildum seðlum hafði fjölgað um 11 og auðum fækkað um 12 milli fyrri og seinni talningar. Í yfirferð undirbúningsnefndar fannst einn gildur atkvæðaseðill hjá auðum seðlum. Ekki er önnur skýring tilgreind en að um mistök hafi verið að ræða. Við athugun á ógildu seðlunum hefur komið í ljós að fimm seðlar voru ógildir af þeim sökum að krotað hafði verið á bakhlið þeirra en ekki merkt við neinn listabókstaf.

Aðrir ógildir kjörfundarseðlar, samtals 13, gáfu ekki tilefni til athugasemda og enginn var með merkingu við C-lista. Það veldur á hinn bóginn vandkvæðum að ekki er að finna lýsingu á þeim atkvæðaseðlum sem reyndust ógildir og voru með auðum seðlum og hið sama á við að því er varðar lýsingu á þeim seðlum sem úrskurðaðir voru ógildir eftir fyrri talningu. Hefur því ekki verið upplýst hvernig fjölgun hinna ógildu seðla er nákvæmlega tilkomin og hvaða ágallar hafi verið á þeim sem valdið hafi því að þeir voru metnir ógildir, sbr. 1. mgr. 103. gr. laga um kosningar til Alþingis. Á það skal einnig minnt að annmarkar voru á því hvort umboðsmenn voru kallaðir til við að meta vafaatkvæði á meðan á flokkun og talningu stóð og ritun gerðabókar ábótavant í þeim efnum.

Í fjórða lagi fór undirbúningsnefndin yfir kjörgögn við atkvæðagreiðsluna í Norðvesturkjördæmi 25. september 2021. Þrátt fyrir að nefndin hafi greint þar nokkur frávik í flokkun atkvæða, eins og lýst er í málsatvikalýsingu í kafla 2.2.8 í greinargerð hennar, hefur verið gengið úr skugga um að þau frávik breyttu ekki niðurstöðu kosninganna í Norðvesturkjördæmi yrðu þau talin á ný í samræmi við fyrirmæli laga um kosningar til Alþingis. Að mati nefndarhlutans er aftur á móti til staðar annmarki er snýr að meðferð og vörslu kjörgagna sem þriðja talning getur ekki bætt úr.

Í fimmta lagi hefur ekki tekist að upplýsa orsakir þess að atkvæðum fækkaði um níu hjá C-lista þar sem átta atkvæðaseðlar tilheyrðu D-lista og einn B-lista eða að atkvæðum hjá D-lista fjölgaði um 10, um sjö hjá J-lista auk þess sem fimm atkvæði víxluðust mill B- og M-lista.

Í sjötta lagi leiddi könnun undirbúningsnefndarinnar í ljós að á meðan á talningu atkvæða stóð var verklagi breytt. Ekki er hægt að fullyrða að það geti skýrt þær breytingar sem urðu á atkvæðatölum framboðslista við seinni talningu atkvæða. Almennt verður þó að ætla að við svo vandasamt verk sem talning atkvæða er, sé nákvæmi gætt og ýtrustu kröfur gerðar til þess að draga úr hættu á mistökum. Eigi að síður er ekki hægt að útiloka að það breytta verklag sem tekið var upp við talningu atkvæða og það takmarkaða rými sem fólk hafði til að athafna sig við talningu geti að einhverju leyti skýrt þau frávik sem komu í ljós við seinni talningu atkvæða.

Þegar framangreind atriði eru virt í heild sinni er einkum þrennt sem veldur því að ekki hefur tekist að staðreyna að kjörgögn hafi verið varin svo fullnægjandi sé. Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir að vörslur kjörgagna voru ótryggar frá því að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gerði hlé á störfum sínum kl. 7.35 og þar til hún kom saman á ný um kl. 13.00. Ekki hefur tekist að leiða í ljós svo öruggt sé að kjörgögnin hafi á þeim tíma verið varin með þeim hætti að þau endurspegli vilja kjósenda við alþingiskosningarnar. Í öðru lagi er ljóst að meðferð vafaatkvæða þar sem úrskurða skyldi um gildi þeirra hefur ekki verið í samræmi við ákvæði laga um kosningar til Alþingis, en bóka skal í gerðabók yfirkjörstjórnar um afgreiðslu einstakra ógildra kjörseðla og lýsingu á þeim göllum sem leiddu til þess að þeir voru metnir ógildir, sbr. 1. mgr. 103. gr. laga um kosningar til Alþingis. Liggja þannig ekki fyrir upplýsingar um meðferð ógildra atkvæðaseðla. Í þriðja lagi verður að líta til þess að ekki hafa komið fram skýringar á þeim tilfærslum sem urðu á atkvæðatölum framboða eftir seinni talningu atkvæða. Er þá sérstaklega litið til þess að í kassa merktum C-lista reyndust vera átta atkvæði merkt D-lista og eitt atkvæði merkt B-lista.

Í ljósi alls þessa verður að leggja til grundvallar að ekki hafi tekist að upplýsa með fullnægjandi hætti að varðveisla kjörgagna í Norðvesturkjördæmi við alþingiskosningarnar 25. september sl. hafi verið með þeim hætti að tryggt sé að þau sýni lýðræðislegan vilja kjósenda og að annmarkar á varðveislunni hafi þar með ekki haft áhrif á úrslit kosninganna í kjördæminu. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 96/1980 segir að annmarkar er varða kosningaleynd teljist ógildingarannmarkar án þess að sýnt sé fram á að þeir hafi *í reynd* haft áhrif á niðurstöðu kosninga. Með vísan til þess má því ætla að þeir annmarkar sem hafa verið reifaðir hér að framan er lutu að kosningum í Norðvesturkjördæmi séu þess eðlis að þeir leiði til ógildingar kosninganna í kjördæminu án þess að færð sé sönnun á að þeir hafi í reynd haft áhrif á niðurstöðu kosninganna. Með vísan til 121. gr. laga um kosningar til Alþingis telur undirrituð samkvæmt framansögðu að uppkosning þurfi að fara fram í Norðvesturkjördæmi. Í því felst jafnframt, sbr. 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, að ekki standa skilyrði til þess að samþykkja þau kjörbréf sem landskjörstjórn gaf út 1. október 2021 til sjö kjördæmakjörinna þingmanna í Norðvesturkjördæmi og þeirra níu þingmanna sem hlutu jöfnunarsæti við alþingiskosningarnar 25. september 2021.

Tillögur.

Þegar litið hefur verið til þess sem rakið hefur verið hér að framan leggur undirrituð til, í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis, sbr. 5. gr. þeirra laga, að kosningarnar í Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður og Reykjavíkurborgkjördæmi norður teljist gildar en að kosningar í Norðvesturkjördæmi teljist ógildar. Í samræmi við það verði kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna **samþykkt**.

Aðalmenn:

1. Ingibjörg Ólöf Isaksen, 1. þm. Norðausturkjördæmis.
2. Njáll Trausti Friðbertsson, 2. þm. Norðausturkjördæmis.
3. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, 3. þm. Norðausturkjördæmis.
4. Líneik Anna Sævarsdóttir, 4. þm. Norðausturkjördæmis.
5. Logi Már Einarsson, 5. þm. Norðausturkjördæmis.
6. Berglind Ósk Guðmundsdóttir, 6. þm. Norðausturkjördæmis.
7. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 7. þm. Norðausturkjördæmis.
8. Jakob Frímann Magnússon, 8. þm. Norðausturkjördæmis.
9. Þórarinn Ingi Pétursson, 9. þm. Norðausturkjördæmis.

10. Guðrún Hafsteinsdóttir, 1. þm. Suðurkjördæmis.
11. Sigurður Ingi Jóhannsson, 2. þm. Suðurkjördæmis.
12. Ásthildur Lóa Þórsdóttir, 3. þm. Suðurkjördæmis.
13. Vilhjálmur Árnason, 4. þm. Suðurkjördæmis.
14. Jóhann Friðrik Friðriksson, 5. þm. Suðurkjördæmis.
15. Ásmundur Friðriksson, 6. þm. Suðurkjördæmis.
16. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, 7. þm. Suðurkjördæmis.
17. Oddný G. Harðardóttir, 8. þm. Suðurkjördæmis.
18. Birgir Þórarinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis.

19. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Suðvesturkjördæmis.
20. Jón Gunnarsson, 2. þm. Suðvesturkjördæmis.
21. Willum Þór Þórsson, 3. þm. Suðvesturkjördæmis.
22. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 4. þm. Suðvesturkjördæmis.
23. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvesturkjördæmis.
24. Bryndís Haraldsdóttir, 6. þm. Suðvesturkjördæmis.
25. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 7. þm. Suðvesturkjördæmis.
26. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvesturkjördæmis.
27. Guðmundur Ingi Kristinsson, 9. þm. Suðvesturkjördæmis.
28. Óli Björn Kárason, 10. þm. Suðvesturkjördæmis.
29. Ágúst Bjarni Garðarsson, 11. þm. Suðvesturkjördæmis.

30. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
31. Svandís Svavarsdóttir, 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
32. Kristrún Mjöll Frostadóttir, 3. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
33. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, 4. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
34. Hildur Sverrisdóttir, 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
35. Björn Leví Gunnarsson, 6. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
36. Inga Sæland, 7. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
37. Hanna Katrín Friðriksson, 8. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.
38. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.

39. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
40. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
41. Halldóra Mogensen, 3. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
42. Helga Vala Helgadóttir, 4. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
43. Ásmundur Einar Daðason, 5. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
44. Diljá Mist Einarsdóttir, 6. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
45. Steinunn Þóra Árnadóttir, 7. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
46. Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 8. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.
47. Tómas A. Tómasson, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður.

Varamenn:

1. Helgi Héðinsson, 1. vþm. Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi.
2. Berglind Harpa Svavarsdóttir, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi.
3. Óli Halldórsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðausturkjördæmi.

4. Halldóra K. Hauksdóttir, 2. vþm. Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi.
5. Hilda Jana Gísladóttir, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.
6. Ragnar Sigurðsson, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi.
7. Anna Kolbrún Árnadóttir, 1. vþm. Miðflokksins í Norðausturkjördæmi.
8. Katrín Sif Árnadóttir, 1. vþm. Flokks fólksins í Norðausturkjördæmi.
9. Kristinn Rúnar Tryggvason, 3. vþm. Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi.
10. Kári Gautason, 2. vþm. Vinstri- gr. í Norðausturkjördæmi.

11. Björgvin Jóhannesson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi.
12. Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, 1. vþm. Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi.
13. Georg Eiður Arnarson, 1. vþm. Flokks fólksins í Suðurkjördæmi.
14. Ingveldur Anna Sigurðardóttir, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi.
15. Njáll Ragnarsson, 2. vþm. Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi.
16. Jarl Sigurgeirsson, 3. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi.
17. Ásgerður Kristín Gylfadóttir, 3. vþm. Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi.
18. Viktor Stefán Pálsson, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.
19. Erna Bjarnadóttir, 1. vþm. Miðflokksins í Suðurkjördæmi.
20. Þórunn Wolfram Pétursdóttir, 1. vþm. Viðreisnar í Suðurkjördæmi.

21. Arnar Þór Jónsson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
22. Sigbrúður Ármann, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
23. Anna Karen Svövdóttir, 1. vþm. Framsóknarflokks í Suðvesturkjördæmi.
24. Una Hildardóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Suðvesturkjördæmi.
25. Elín Anna Gísladóttir, 1. vþm. Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.
26. Kristín María Thoroddsen, 3. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
27. Eva Sjöfn Helgadóttir, 1. vþm. Pírata í Suðvesturkjördæmi.
28. Guðmundur Andri Thorsson, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.
29. Jónína Björk Óskarsdóttir, 1. vþm. Flokks fólksins í Suðvesturkjördæmi.
30. Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, 4. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
31. Kristín Hermannsdóttir, 2. vþm. Framsóknarflokks í Suðvesturkjördæmi.
32. Thomas Möller, 2. vþm. Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.
33. Indriði Ingi Stefánsson, 2. vþm. Pírata í Suðvesturkjördæmi.

34. Friðjón R Friðjónsson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgardæmi suður.
35. Daníel E. Arnarsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgardæmi suður.
36. Rósa Björk Brynjólfssdóttir, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgardæmi suður.
37. Aðalsteinn Haukur Sverrisson, 1. vþm. Framsóknarflokks í Reykjavíkurborgardæmi suður.
38. Ágústa Guðmundsdóttir, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgardæmi suður.
39. Halldór Auður Svansson, 1. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgardæmi suður.
40. Wilhelm Wessman, 1. vþm. Flokks fólksins í Reykjavíkurborgardæmi suður.
41. Daði Már Kristófersson, 1. vþm. Viðreisnar í Reykjavíkurborgardæmi suður.
42. Vigfús Bjarni Albertsson, 3. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgardæmi suður.
43. Brynhildur Björnsdóttir, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgardæmi suður.
44. Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, 2. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgardæmi suður.

45. Brynjar Þór Níelsson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgardæmi norður.
46. Eva Dögg Davíðsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgardæmi norður.
47. Lenya Rún Taha Karim, 1. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgardæmi norður.
48. Dagbjört Hákonardóttir, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgardæmi norður.
49. Brynja Dan Gunnarsdóttir, 1. vþm. Framsóknarflokks í Reykjavíkurborgardæmi norður.
50. Kjartan Magnússon, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgardæmi norður.
51. René Biasone, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgardæmi norður.
52. Jón Steindór Valdimarsson, 1. vþm. Viðreisnar í Reykjavíkurborgardæmi norður.
53. Kolbrún Baldursdóttir, 1. vþm. Flokks fólksins í Reykjavíkurborgardæmi norður.
54. Valgerður Árnadóttir, 2. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgardæmi norður.
55. Magnús Árni Skjöld Magnússon, 2. vþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgardæmi norður.

Varamaður, kjörbréf gefið út 22. nóvember 2021.

María Rut Kristinsdóttir, 2. vþm. Viðreisnar í Reykjavíkurbjórðæmi suður.

Alþingis, 25. nóvember 2021.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.